

Ed.

117. Frumvarp til laga

[2. mál]

um Fósturskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. nóv.)

Samhljóða þskj. 2 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Hlutverk skólans er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til 7 ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum, forskólabekkjum barnaskóla og leikvöllum. Heimilt er að fela Fósturskóla Íslands að mennta fólk til starfa á skóladagheimilum.

5. gr. hljóðar svo:

Skólinn skal annast endurmenntun og viðbótarmenntun starfsfólks á þeim uppeldissviðum, sem starfsemi skólans tekur til, með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í uppeldismálum. Jafnframt skal skólinn, svo fljótt sem því verður við komið, annast menntun fólks, er sé til aðstoðar fósturum. Um námstíma og starfssvið skal kveða nánar á í reglugerð.

6. gr. hljóðar svo:

Fósturskólinn skal hafa náð samband við Kennaraháskóla Íslands, m. a. um framhaldsmenntun fóstura. Skal kveða nánar á um það og tengsl milli skólanna í reglugerð.

7. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Fósturskóla Íslands.

Við skólann skal vera skólanefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn, og starfar hún samkv. erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formaður er skipaður án tilnefningar, einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu Fósturfélags Íslands og annar samkvæmt tilnefningu Barnavinafélagsins Sumargjafar, meðan það fer með stjórn barnaheimila í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Ef rekstur barnaheimila í Reykjavík verður falinn borgarstofnunum, skal einn skólanefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkur.

Við Fósturskóla Íslands skal vera skólaráð skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri skal vera formaður þess, en auk hans sitja í ráðinu tveir kennarar skólans og tveir fulltrúar nemenda, kosnir til eins árs í senn.

Ákveða skal nánar í reglugerð um starfssvið skólanefndar og skólaráðs.

8. gr. hljóðar svo:

Við Fósturskólann skal starfa nemendaráð, sem sé skólastjóra til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kys fulltrúa í skólaráð, sbr. 7. gr., með þeim réttindum, sem tiltekin eru í ákvæðum reglugerðar. Nemendur setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólaráðs og staðfestingu yfirstjórnar skólans.

10. gr. hljóðar svo:

Inntökuskilyrði í Fósturskólann eru þessi:

1. Stúdentspróf, kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands eða gagnfræðapróf að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða að viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum, t. d. verzlunarskóla, lýðháskóla eða húsmeðraskóla.
2. Heimilt er að veita umsækjendum skólavist, þótt þeir fullnægi ekki menntunarkröfum 1. töluliðar, með hliðsjón af hæfniprófum eða öðrum tiltækum matsaðferðum og að nokkru með tilliti til starfsreynslu á þeim stofnunum, sem skólinn menntar starfslíð til.
3. Nemandi skal eigi vera yngri en 18 ára.
4. Nemandi skal eigi vera haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólanefndar.

Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku eða fleiri greinum í sambandi við inntöku nemenda í skólann.

Enn fremur má ákveða í reglugerð að láta alla nemendur ganga undir hæfnipróf eða persónuleikapróf.